Grunnleigusamningur.

Við undirritaðir hreppsnefndarmenn fyrir hönd Flateyrarhrepps eiganda Flateyrarlands sem leigusala, og ég undirritaður Bjarni Þórðarson Flateyri sem leigutaki gerum svofeldan

Grunnleigusamning:

1.gr. Leigusali selur leigutaka á leigu lóð við Brimnesveg 22 á Flateyri Lóð þessi er að stærð á hvern veg sem hér segir:
Frá austri til vesturs 25.5 metrar Frá norðri til suðurs 11.5 metrar.
eða 293.25- tvö hundruð níutíu og þrír og 25/loo fermetrar.

2.gr. Hús og önnur mannvirki sem leigutaki gjörir á lóðinni eru hans eign sem hann má selja og veðsetja ásamt lóðarréttindunum, sem hann sömuleiðis má selja og veðsetja.

3.gr. Heimill skal leigutaka allur aðgangur og aðflutningur að húsi sínu. Eigi má hann hamla öðrum lóðarnotendum aðgang að húsum þeirra.

4.gr. Árgjald fyrir lóðarréttindin er kr. 29.30 skrifa Tuttugu og níu og 30/100 sem greiðist fyrir 31 des. ár hvert, í fyrsta sinn 31 des. 1939 til leigusala eða eftir tilvísun hans. Heimilt er leigusala á 10 ára fresti að láta dómkvadda menn meta verðhækkun hinnar leigðu lóðar án umbóta og mannvirkja sem leigutaki hefir gjört eða kann að gjöra á henni, og skulu þeir einnig meta hve mikið leigan skuli hækka samkvæmt því mati.

5.gr. Leigutaki greiði alla skatta og opinber gjöld af hinni leigðu lóð, og mannvirkjum sem á henni eru.

6.gr. Leigutíminn er 80- áttatíu ár frá 1 janúar 1940 að telja.

7.gr. Ekki má færa burt af lóðinni sand möl né grjót.

8.gr. Fyrir áföllnum árgjöldum skal leigusali hafa 2- annan veðrétt í öllum mannvirkjum leigutaka á lóðinni, sé hann ekki bundinn opinberri lánsstofnun, annars þriðja veðrétt með uppfærslurétti, næst á eftir 2. veðrétti. á fyrsta og öðrum veðrétti mega þó aldrei hvíla hærri upphæðir til samans en nemi 75 % af fasteignamatsverði mannvirkja leigutaka á lóðinni.

9.gr. Rísi mál útaf samningi þessum skal það rekið fyrir gestarétti á Flateyri

10.gr. Við undirskrift samnings þessa er úr gildi fallinn grunnleigusamningur um leigulóð þessa dags. 11 des. 1924.

Samningur þessi er gjörður í tveim samhljóða eintökum, sitt handa hvorum aðila.

Flateyri 1. desember 1939

f/h Flateyrarhrepps sem leigusala

Björn Björnsson
Hjörtur Jóhannsson
M. Guðmundsson
Magnús G. R. Jakobsen

Bjarni Þórðarson

Vitundarvottar:

Sigríður Jóhannesdóttir

1505 0220